

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Þórisstaðir, land, L220557.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir gistihús á um 2,1 ha svæði innan jarðarinnar. Heimilt verður að byggja allt að 15 smáhýsi, þ.e. gistihús undir 40 fm að stærð, ásamt þjónustuhúsi allt að 40 fm. Skilgreindur er einn byggingarreitur fyrir uppbygginguna í heild sinni. Samþykkt í sveitarstjórn 20. apríl 2022.

Deiliskipulagsbreyting, Markalækur, L192476.

Deiliskipulagsbreytingin nær til 2 ha lands, Markalækjar, L192476, og gerir ráð fyrir sameiningu tveggja lóða í eina lóð ásamt breyttum byggingarheimildum innan svæðisins. Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. ágúst 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2022